

Nd.

714. Frumvarp til laga

[303. mál]

um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka.

Flm.: Benedikt Gröndal, Eysteinn Jónsson, Gunnar Gíslason, Magnús Kjartansson, Haraldur Henrysson.

1. gr.

Greiða skal þingflokki tiltekna lágmarksfjárhæð og að auki ákveðna upphæð fyrir hvern þingmann til að kosta sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokkinn og þingmenn hans við þingstörf. Utanflokkaþingmaður fær sömu upphæð og greidd er á hvern þingmann þingflokks.

2. gr.

Á fjárlögum skal hverju sinni ákveða, hve miklu fé skuli varið til aðstoðar þingflokki samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Þingflokkur er samtök tveggja eða fleiri þingmanna, sem eru fulltrúar stjórn-málaflokks, er hefur komið á fót landsamtökum.

4. gr.

Greiðslur til þingflokks skulu inntar af hendi ársfjórðungslega, þ. e. 1. febr., 1. maí o. s. frv., og skulu miðaðar við skipan Alþingis í byrjun ársfjórðungs, þ. e. 1. jan., 1. apríl o. s. frv.

Þingflokkur ræður sjálfur ráðstöfun þess fjár, er í hans hlut kemur.

5. gr.

Forsetar Alþingis setja í samráði við formenn þingflokka reglur um skiptingu þess fjár, sem hverju sinni er veitt til aðstoðar þingflokki.

6. gr.

Formenn þingflokka skulu árlega senda forsetum Alþingis greinargerð um ráðstöfun þess fjár, er þeir veita móttöku samkvæmt lögum þessum, eftir nánari reglum, er forsetar setja. Sama gildir um þingmann utanflokka.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á þessu ári skal varið 3.4 millj. kr. til aðstoðar við þingflokka samkvæmt lögum þessum.

Greinargerð.

Það mun vera samdóma álit þeirra, sem setið hafa á Alþingi hin síðari ár, eða haft á annan hátt nán kynni af störfum þingsins, að starfsaðstaða sé þar hvergi nærri svo góð sem vera þyrfti. Á það jöfnum höndum við um þingflokka og einstaka þingmenn sem um starfslið þingsins.

Auk mikilla húsnæðiserfiðleika hefur þótt skorta á sérfræðilega aðstoð við þingflokka. Má þar til nefna öflun hvers konar upplýsinga, tæknilegra, lagalegra og annarra, sem nauðsynlegar eru til undirbúnings nýrra mála og viðbragða við þeim. Hefur slíkur málatilbúningur, svo og öll meðferð frumvarpa og tillagna, orðið flóknari með hverju ári. Fjöldmörg önnur störf hafa hlaðizt á þingmenn og flokka, sem gera það brýna nauðsyn að veita þingflokki sérfræðilega aðstoð, svo sem tíðkast í þjóðþingum nágrannalandanna.

Frumvarpið hefur verið samið eftir viðræður milli formanna þingflokka og samkomulag þeirra.

Gert er ráð fyrir, að 200 þús. kr. verði veittar til hvers þingflokks, en síðan 40 þús. kr. fyrir hvern þingmann.